GÆÐAVÖRUR
HY·TOP
GOTT VERÐ

Morgunblaðið

MORGUNBLAÐIÐ, AÐALSTRÆTI 6, 101 REYKJAVÍK
SÍMI 691100, SÍMBRÉF 691181, PÓSTHÓLF 1555 / AKUREYRI: HAFNARSTRÆTI 85

ÞRIÐJUDAGUR 17. MARZ 1992

VERÐ Í LAUSASÖLU 110 KR.

ROYAL CROWN COLA
RC

Danir hafna fargjalda-umsóknum Flugleiða

DANIR hafa hafnað umsókn Flugleiða um að láta frímiða fyrir maka fylgja flugmiða á Saga-class til Norðurlandanna. Einnig hafa Danir hafnað umsókn Flugleiða um sértakt fargjald í maí til að mæta leiguflugssamkeppni til Danmerkur. Flugleiðir hafa í kjölfarið óskað eftir því við samgönguráðuneytið að loftferðasamningur Íslands og Danmerkur verði endurskoðaður.

Umsókn SAS um 90% afslátt fyrir maka farþega sem greiðir fullt fargjald á ferðum milli Norðurlanda var samþykkt í síðasta mánuði og í kjölfarið óskuðu Flugleiðir eftir því við dönsk flugmálayfirvöld að veita mökum þeirra, sem greiða fullt Saga-class fargjald, frímiða á þessum leiðum. Þessu höfnuðu Danir, að sögn Péturs J. Eiríkssonar framkvæmdastjóra markaðssviðs Flugleiða. Hins vegar fá Flugleiðir að bjóða 90% afslátt í samræmi við SAS. Íslenska samgönguráðuneytið féllst hins vegar á þessa ósk.

Þá sóttu Flugleiðir um að bjóða sérfargjald til Danmerkur í maí til að mæta leiguflugssamkeppni frá Kaupmannahöfn, en því var hafnað á þeirri forsendu að þau fargjöld væru ekki í takt við fargjöld sem gildi innan Evrópu.

Pétur sagði að þessi svör Dana væru endanleg og Flugleiðir myndu því bjóða mökum farþega sem fljúga á Saga-class 90% afslátt á ferðum til Norðurlandanna en frímiða á öðrum leiðum.

„Við erum komnir í þá stöðu að geta illa haft frumkvæði í samkeppni við SAS og aðra. SAS hefur hingað til fengið allt í gegn sem það vill á íslenska markaðnum og hjá yfirvöldum í öðrum Norðurlöndunum. Ef þetta heldur svona áfram getum við aðeins apað eftir SAS og gert það sem það fær samþykkt. Með öðrum orðum þá ræður SAS fargjöldunum milli Íslands og Norðurlandanna," sagði Pétur.



Morgunblaðið/Ingvar

Bað í 24 stiga frosti

Mikill fjöldi vélsleðamanna var á hálendinu um helgina. Hópur var á Hveravöllum og vélsleðamennirnir létu það ekki aftra sér að fara í laugina á laugardaginn þótt frostið mældist 24 stig.

Hafnarfjörður:

Alþjóðlegt skákmót hafið

ALÞJÓÐLEGT skákmót hófst í Hafnarborg í Hafnarfirði í gær. 12 þátttakendur eru í mótinu.

Eftirtöldum skákum lauk í gærkvöldi: Jón L. Árnason vann Björn Fr. Björnsson, Motwani vann Helga Áss Grétarsson og jafntefli gerðu Þröstur Þórhallsson og Howell og Margeir Pétursson og Levitt.

Sjá skákþátt á bls. 55.

Launakröfur ASÍ, BSRB og Sambands bankamanna:

Samið verði um sama kaupmátt og gilti í júnímánuði

Forystumenn launþegasamtaka og vinnuveitenda sammála um að samningar verði að nást innan tíu daga

Í LAUNAKRÖFUM Sambands íslenskra bankamanna sem lagðar hafa verið fyrir samninganefnd bankanna er gert ráð fyrir að þjóðarsáttarsamningarnir verði framlengdir miðað við 1. september sl. og gildi til 31. janúar 1993. Samið verði um sama kaupmátt og gilti 1. júní 1991. Að sögn Ásmundar Stefánssonar, forseta ASÍ, er Alþýðusambandið með sömu kaupmáttarviðmiðun í sínum hugmyndum og skv. heimildum Morgunblaðsins gerir kröfugerð BSRB og KÍ ráð fyrir að ná sama kaupmætti og gilti í júní auk láglaunabóta á öll laun undir 80 þús. kr. í skammtímasamningi til næstu áramóta.

„Menn semja ekki um kaupmátt, hann er afrakstur efnahagsstarfseminnar, sem er um 4% minni en á síðasta ári og það eru einfaldar staðreyndir sem við getum ekki umflúið. Menn geta reynt að nálgast þetta þannig að reynt verði að verja þá lægstlaunuðu en kostnaðarþróuninni haldið sem mest í skefjum. Ef ég ætti kost á að velja kaupmátt myndi ég velja einhvern ennþá betri en var 1. júní," sagði Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, aðspurður um þær kaupmáttarhugmyndir sem verið er að móta.

Fyrsti sameiginlegi fundur ASÍ, BSRB, KÍ og viðsemjenda þeirra fór fram í húsnæði ríkissáttasemjara í gær. Þar var rætt um vinnutilhögun í viðræðunum. Ásmundur segir að niðurstaða í viðræðunum verði að liggja fyrir á næstu tíu dögum. Þórarinn segist vera sammála því að kjarasamningar verði að takast innan tíu daga og Ögmundur segir nauðsynlegt að niðurstaða fáist í samflotinu innan viku eða tíu daga og mjög æskilegt sé að kjarasamningar verði gerðir fyrir mánaðamót.

Bankastarfsmenn gera kröfu um þrjár launahækkanir á samningstímanum í samræmi við þróun framfærsluvísitölunnar, þ.e. um 2% 1. september 1991 og 1,5% 1. febrúar 1992, sem komi til útborgunar við undirritun samningsins, og 1,5% hækkun 1. september næstkomandi. Þá vilja bankastarfsmenn að sett verði rauð strik í samningana í maí og nóvember. „Þetta er bara grín. Liðinn tími er liðinn og við hendum jafnharðan því sem dettur af dagatalinu en geymum það ekki," sagði Þórarinn um þessar kröfur.

Samtök opinberra starfsmanna og ASÍ hafa ekki fest niður nákvæmar kauphækkanir í sinni kröfugerð en vilja ná upp kaupmættinum eins og hann var í júní.

Samband bankamanna tekur ekki þátt í samfloti heildarsamtaka á vinnumarkaði fyrr en niðurstaða hefur fengist varðandi ágreining um túlkun á kjarasamningum um sambærileg lífeyrisréttindi starfsfólks ríkisbanka og einkabanka en Íslandsbanki hefur vísað því máli til Félagsdóms. Lögmaður sambands bankamanna leggur greinargerð sína fyrir dóminn í dag og er búist við að málflutningur hefjist í vikunni.

Enn er ágreiningur milli aðila í sameiginlegu viðræðunum um lengd samningstímans. BSRB hefur lagt áherslu á skammtímasamning en mun þó sætta sig við kjarasamning til áramóta. ASÍ hefur lagt áherslu á samning fram í mars eða apríl en Ásmundur segist ekki eiga von á að það atriði tefji viðræðurnar. Þórarinn segist eiga von á að í viðræðunum verði gengið út frá eins árs samningi.

Sjá einnig frétt á bls. 2.

Kjarvalsstaðir:

Miró-sýning í sumarbyrjun

SÝNING á verkum hins heimsþekkta spænska listamanns Mirós verður opnuð á Kjarvalsstöðum í sumarbyrjun. Um er að ræða 10 málverk, 40-50 skúlptúra og 10-15 teikningar frá Maeght-listasafninu í nágrenni borgarinnar Nice í Frakklandi. Miró er einn af frumlegustu og merkilegustu listamönnum 20. aldarinnar að sögn Gunnars Kvarans forstöðumanns Kjarvalsstaða.

Gunnar sagði að hingað til lands kæmi gott úrval verka Mirós frá Maeght-listasafninu en það væri álitið eins konar Mekka 20. aldar nútímalistar. Verkunum yrði komið fyrir í vestursal Kjarvalsstaða og ekki væri ólíklegt að hún yrði einnig á göngum safnsins. Sýningin hefst um mánaðamótin maí-júní og stendur yfir í einn mánuð.

Miró er fæddur á Spáni (1893-1983) en bjó og starfaði lengst af í París. Hann aðhylltist kúbisma í upphafi ferils síns en undirritaði stefnuyfirlýsingu súrrealista ásamt fleirum árið 1924. Eftir það var hann lengi virkur þátttakandi í hópi súrrealista. Nú á tímum er þó talað um verk Miró óháð stefnum og straumum í myndlist. Miró er einn af frumlegustu og merkilegustu listamönnum 20. aldarinnar og telst þar í hópi listamanna eins og Picasso og Matisse, að sögn Gunnars Kvarans.

Stór hluti verkanna á Kjarvalsstöðum verður hluti af úttekt á verkum Mirós á Edinborgarhátíð í haust.

Legutími ekki lengri en í öðrum löndum

SÍMON Steingrímsson, verkfræðingur á skrifstofu Ríkisspítala og Þórður Harðarson, prófessor og yfirlæknir lyflækningadeildar Landspítalans, segja í grein sem birt er á miðopnu blaðsins í dag að ályktanir Hagfræðistofnunar HÍ um að Íslendingar liggi tvöfalt lengur á sjúkrahúsum en Danir, séu tilhæfulausar og byggðar á röngum forsendum.

Höfundar greinarinnar segja að þvert á móti bendi samanburður á legutíma á sjúkradeildum fyrir sams konar sjúklinga til að legutími sé síst lengri á Íslandi.

Benda þeir m.a. á að skilgreiningar á sjúkrastofnunum hjá OECD sé svo losaralegur að samanburður milli landa sé tilgangslítill.